

**49. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
21. nóvember 2016 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1609093 - Fjárfestinga-og framkvæmdaáætlun 2017**

Farið yfir stöðu málsins.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2017-2020 dags. 21.11.2016 verði samþykkt.*

*Skipulags- og umhverfisráð vill benda á eftirfarandi:*

*A. Ekki er tekin afstaða til staðsetningar á fimleikahúsi. Brýn nauðsyn er á að taka þá ákvörðun sem fyrst á víðtækum samráðsvettvangi.*

*B. Gera þarf framkvæmdasamning við Golfklúbbinn Leyni á grundvelli þeirra hugmynda sem fyrir liggja um uppbyggingu golfskála.*

*C. Fyrir liggur tölvupóstur dags. 17. nóv. s.l. frá Jóhannesi Finni Halldórssyni fh. FEBAN. Á árinu 2017 eru áætlaðar 20 m. kr. í undirbúning á uppbyggingu á Dalbrautarreit.*

**2. 1610136 - Deilisk. Grenja. hafnarsvæði H3 - Krókatún 22-24**

17.10. sl. samþykkti skipulags- og umhverfisráð umsókn Grenja ehf um heimild til að breyta deiliskipulagi Grenja Hafnarsvæði H3 vegna Krókatúns 22-24. Breytingin felst í stækkun á byggingarreitu um 30m2. Byggingarlína við Krókatún lengist um 1,8m í átt að Krókalóni, nh. er óbreytt. Samþykkt var að grenndarkynna breytinguna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum að Deildartúni 9, Krókatúni 13, 15, 18 og 20, Grundartúni 2, 4 og 6. Engar athugasemdir bárust.

*Einar Brandsson vék af fundi undir þessum dagskrárið.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi verði samþykkt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Breytingin verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og send Skipulagsstofnun.*

### 3. 1610040 - Lóðaleigusamningar - útrunnir

Um er að ræða endurnýjun á efifarandi lóðaleigusamningum:

Brekkubraut 20, 24, 26 og 28.

Heiðarbraut 58.

Stillholt 15.

Vogabraut 1 og 3.

Esbjubraut 4, 6, 8, 10, 12, 14, 18 og 20.

Hjarðarholt 1, 3, 5, 7, 11 og 13.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á ofangreindum lóðaleigusamningum.*

### 4. 1611113 - Starfsmannamál

Farið yfir starfsmannamál á skipulags- og umhverfissviði.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:50.**

Lindr Brandsson  
Rauðarsen Þórhildur  
Kirsten Sigurðardóttir  
Valgerður S. Þórasdóttir  
Hans Karl Guðfinnsson  
Steinþór Jónasson  
Sig. P. H.  
Raldis Sigurbjörnsdóttir.